

LÍKLEGA BYRJADI ÞETTA MEÐ FIKTI

— segir Kristjón Jónsson, sem ræktar sína paradís á jörðu í hrauninu ofan við Hellissand

Þar sem hafgolan næðir af norðri og jökullinn andar köldu niður í byggð að sunnanverðu. Þar sem menn hafa hugsað mest um það um aldaradur og allt til þessa dags að stunda sjó — og halda lífinu í einni kú og fáeinum rolluskjátum. Þar dettur víst fáum í hug að rækta tré. Enda hefur þar engin hrísla þrífzt til skamms tíma. Eljusamar konur hafa reynt að koma til birkihrísium í gördum sínum. En það erfiði hefur lítinn árangur borið enn. Það eina sem almennilega þrífst trjákynd þar undir Jökli eru rífsberjarunnar — með ærinni fyrirhöfn þó.

Þess vegna verður margur undrandi að koma í „Tröðina“, hraunbolla nokkurn rétt ofan við Hellissand, umgirtan traustlegum grjótagarði, miklu og veglegu mannvirki. Þarna hefur gamall sjóari og formaður af Sandi hafið skógrækt á full-orðinsárum og náð góðum árangri og „Tröðin“ er að verða í höndum hans eins konar „Eden“ þeirra Jöklara. Bláðamaður Vísir var þar á ferð nú fyrir skemmstu.

— Ég byrjaði ekki á þessu fyrir alvöru, fyrr en ég hætti að hafa kindur segir Kristjón Jónsson á Gilsbakka, en hann á heiðurinn að þessari sérstöðu

trjágrækt undir Jökli. Það eru líklega um 20 ár síðan. Þá var niðurskurður á fé herna og ég hætti við rollustússið. Núna eru líklega um það bil 2000 tré rótföst herna, stór og smá, græn, birki, reynir, aspir og viðjur, brekkuvíðir og fleira. Þau eru sárafá eldri en 15 ára. Mestu hefur verið plantað á síðustu árum.

Þessi blettur í útjaðri hraunsins ofan við Sand er raunar sérlega vel fallinn til trjágræktar vegna þess hve skjólgott er þar. Hraunið hefur hrannast upp allt í kringum blettinn og myndar þannig skjólgarða

Hraunið tekur hins vegar á sig ýmsar myndir, þar sem það hefur hrannast upp. Upp úr því rísa klettastapar og hvíltir koma í hraunið hér og þar. Viða í hrauninu ofan við Sand er slíka gróðurbletti að finna. Þeir eru ákjósanlegir sólbaðsstaðir og eru auk þess á sumrin vinsæll leikvangur krakkafrá Sandi.

Tröðin er einn af hinum fegurstu stöðum í hrauninu. Þar var fyrr býli og er þess getið í jarðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Þetta var eitt af kotunum, sem fylgdi Hraunskarði.

— Það hefur verið búið hér nokkuð lengi, segir Kristjón, því að herna undir bæjarrústinum er mikill öskuhaugur. Og hér hefur verið búið allt fram undir aldamótin.

Garðurinn í kringum Tröðina er mikið mannvirki. Allur er hann hlaðinn úr grjóthnullungum sem teknir eru þaðan úr hrauninu. Þetta er eitt veglegasta minnismerki sem eftir stendur um aflagða listgrein þar vestra, veggjahleðslu. Staurgirðingar og hvers kyns grindverk hafa nú hvarvetna



Hæstu hríslurnar eru orðnar æðiháar eins og sjá má.

komið í stað grjótagarðanna. Þeir voru áður kringum hvern túnblett og settu sinni svip á kaup-túnið og umverfi þess.

Árni Magnússon hét sá, sem lét hlaða þennan garð kringum Tröðina. Sú hleðsla er listavel gerð, enda hefur hún staðizt tímans tönn og heldur sér mjög vel þótt bráðum sé orðin aldagömul.

Og þetta var ekki girt til þess að vernda það til skógræktar. Þótt graslendið þarna í hraunbollanum væri þýft og óslétt á alla lund hefur það samt þótt þess virði að hlaða þennan feiknarlega garð á hraunkraganum allt í kring, þar sem hentugast var að koma því við.

Árni þessi var við verzlunarstörf á Sandi, hjá Propébræðrum. Hann fluttist vestur frá Akranesi. Hann mun hins vegar hafa haft með sér vana, þrautreynda hleðslumenn við verkið.

— Ég keypti þetta árið 1915, sagði Kristjón, fyrir 450 krónur. Það þótti mikið verð þá. Það vildi enginn líta við þessu. Gamli maðurinn var þá orðinn blindur og gat ekki átt við það að hafa kindur, en við höfðum ekkert tún til þess að heyja. Ég á kaupsamninginn ennþá. Hann er á lóðarbréfinu.

en þetta er erfðafestuland til 80 ára. Þess vegna segi ég, þegar talað er um að ég þurfi að fara að grisja hríslurnar, að það komi í hlut annarra.

— Hvernig kom til að þú byrjaðir á trjágrækt svona meðfram sjómennskunni?

— Ég hef alla tíð haft áhuga á skógrækt. Líklega hef ég þó byrjað á þessu mest af fíkti. Ég átti nú erfitt með þetta í byrjun vegna kindanna. Það var enginn friður með þetta fyrir þeim. — Þeir hafa verið afskaplega góðir við mig hjá Skógræktinni, látið mig hafa þetta á góðu verði. — Eftir að elzta dóttir mín fór suður hefur hún svo sent mér talsvert af plöntum, þetta hefur komið svona smátt og smátt og mest á seinusu árum.

— Þú hefur haft frið með þetta fyrir krökkum?

— Það hefur afskaplega lítið verið skemmt. Þó hefur það rétt komið fyrir, eitthvað einu sinni. Ég var hálfhræddur við það þegar þeir byggðu þrótta-völlinn herna rétt fyrir neðan. En reynslan hefur orðið aft önnur. Síðan hefur hér engin átrodsla verið.

— Og þú ert ekki farinn að fá á þig túrista?

— Það kemur herna, jú, jú. Það er farið að koma hingað, þó nokkuð af fólki. Það er þá aðallega heimafólk, sem kemur með sína gesti. Það var herna síðast um 100 manna hópur núna um daginn, en það var nú venzlafólk. Ferðafólk, sem fer hér um nesið veit ekkert af þessu og ég hef ekkert af því að segja.

Eins og áður segir er Kristjón gamall sjómaður og formaður á Sandi og hann á raunar einhverja elztu fleytu, sem ennþá er sjófær úr Breiðafirði. Það er Bliki, upphaflega smíðaður sem árabátur inni Akureyjum 1850 fyrir Jón Jónsson, en Sigmundur afi Kristjóns var tengdasonur hans og fékk þessa merku fleytu með konunni.

— Það eru líklega ein tíu ár síðan ég hætti að róa á honum. Seinustu árin einn á báti. Hann biður eftir byggðasafninu herna. Þar á hann heima, því honum hefur aldrei verið róðið annars staðar frá en héðan á vertíð.

Um Blika væri hægt að skrifa langt mál, enda líklega frægasta fleyta í Breiðafirði. En mörgum kann aftur á móti að bykja það kúnstugt tómsundagaman hjá sjómanni að fara að rækta tré við erfiðar aðstæður, þar sem varla hefur nokkurn tíma tekizt að halda lífi í nokkurri hríslu. Við því segir Kristjón aðeins:

— Það er ekki svo einkennilegt. Hitt finnst mér skýrtíð, að sjómenn skuli nenna að þeytast upp um heiðar að vötnum og sprænum eftir fiski, þegar þeir eiga fri.

Þá er sjálfsagt næðisamara að dunda við fáeinar hríslur, tylla sér á hraunmosa og virða fyrir sér kynjamyndirnar í hraunklettunum. Þar er kyrrðin algjör. Þar er ilmur af jörðinni sterkur, þar er vaxtarmegn fyrir plöntur og friðsæld fyrir sálina.

— JH



Þarna stendur Kristjón við myndarlegar hríslur af sitkagreni, sem hafa komið mjög vel til hjá honum þar í Tröðinni. Í bakgrunni sér á grjótagarðinn, sem umlykur allan blettinn, líklega hátt í 1 km á lengd.